

EFTIRLITSSKÝRSLA



Orka náttúrunnar - vetnisframleiðsla Hellisheiðarvirkjun

Dags eftirlits	13.9.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Orka náttúrunnar - vetnisframleiðsla	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Bæjarháls 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	471119-0830	Flokkur	verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Magnea Magnúsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Óskar Gunnarsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í vetnisframleiðslu Orku Náttúrunnar á Hellisheiði. Starfsleyfi vegna verksmiðjunnar var gefið út 7. janúar 2021 og gildir til 31. desember árið 2022.

Eitt frávik kom fram er varðar skil á Umhverfisskýrslu (ársyfirliti) sbr. grein 4.3. slíkri skýrslu hefur ekki verið skilað fyrir árið 2021 en hefði átt að vera skilað fyrir 1. maí 2022.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var:

- Umhverfisstjórnunarkerfi og markmið skv. gr 2.1 og 2.5
- Skráningar skv. gr. 4.1
- Skýrslugjöf skv. gr. 4.3 og 4.4
- Tengiliðaupplýsingar; samskipti og samráð gr. 2.2
- Skoðunarferð

Byrjað var á yfirferð yfir starfsemina. Viðstaddir eftirlitið voru Óskar Gunnarsson vaktstjóri og Magnea Magnúsdóttir umhverfis og landgræðslustjóri.

Farið var yfir Umhverfisstjórnunarkerfi og umhverfismarkmið Orkuveitunnar og aðlögun þess að vetnisframleiðslunni. Orkuveitan starfar samkvæmt ISO 14001. Daglegir fundir eru haldnir til að fara yfir umhverfisstjórnunina.

Vel er haldið utan um skráningar en hluti starfseminnar sem ber að skrá s.s. varðandi förgun úrgangs og efnanotkun var ekki komið til framkvæmdar þegar eftirlitið fór fram. Áætlað var að halda námskeið fyrir starfsmenn varðandi vetnisframleiðsluna í október 2021. Haldið er utan um atvikaskráningar í miðlægu kerfi en engin meiri háttar atvik höfðu komið upp þegar eftirlitið fór fram. Engar kvartanir hafa komið fram vegna starfseminnar.

Umhverfisskýrslu ber að skila fyrir 1. maí eftir undangengið rekstrarár. Slíkri skýrslu hefur ekki verið skilað fyrir rekstrarárið 2021.

Tengiliður vegna starfsleyfissins er Magnea Magnúsdóttir. Minnt var á ákvæði um mikilvægi þess að Umhverfisstofnun gæti haft samband vegna t.d. ábendinga um mengun utan skrifstofutíma.

Endað var á skoðunarferð um athafnasvæðið við vetnisframleiðsluna. Svæðið er aðgangstýrt og vel girt af. Umgengni var snyrtileg og ekki tilefni til athugasemda.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Grein 4.3

Ársskýrslu vegna rekstrarársins 2021 hefur ekki verið skilað til Umhverfisstofnunar en því ber að skila fyrir 1. maí ár hvert.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.08.2022

Halla Einarasdóttir

Halla Einarasdóttir

